

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Dalbrautar - Þjóðbrautar.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 12. desember 2006, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á reit Dalbrautar – Þjóðbrautar á Akranesi.

Í nýsamþykktu aðalskipulagi fyrir Akraneskaupstað er landnotkun svæðisins breytt frá því að vera iðnaðar- og verslunarsvæði í miðsvæði og tekur deiliskipulagsbreytingin mið af því.

Breytingin felst m.a. í að gera ráð fyrir að allar núverandi byggingar á lóðum nr. 2 við Dalbraut og nr. 1 við Þjóðbraut víki.

Lóðinni nr. 6 við Dalbraut verður skipt upp í 4 lóðir, þ.e. Dalbraut 4 og 6 og Þjóðbraut 3 og 5-7.

Gert er ráð fyrir að á svæðinu verði blönduð verslunar-, þjónustu- og íbúðarbyggð.

Breyting á deiliskipulagi Sólmundarhöfða.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 12. desember 2006, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Sólmundarhöfða á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að hæðum fjölbýlishúss er fjölgað úr 4 í 8 auk bílakjallara og íbúðum er fjölgað úr 12 í 31. Smávægilegar breytingar eru gerðar á byggingarreit og skilgreindum lóðamörkum.

Breyting á deiliskipulagi Akratorgsreits.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 12. desember 2006, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Akratorgsreit á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að notkun lóðarinnar nr. 2 við Sunnubraut er breytt og hluti hennar er tekinn undir almenn bílastæði.

Framangreindar deiliskipulagsbreytingar voru auglýstar skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingarnar taka þegar gildi.

Akranesi, 22. desember 2006,

F.h. Þorvaldar Vestmann, sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs,

Guðný J. Ólafsdóttir.